

Sjúkrabifreiðar í C-flokki, með kassayfirbyggingu.

Nokkrir rekstraraðilar sjúkraflutninga, fagrað sjúkraflutninga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutninga hafa oft bent á þörfina á að fá sjúkrabifreiðar í C-flokki samkvæmt evrópustaðli IST EN-1789 um sjúkrabifreiðar, en það eru bifreiðar með kassayfirbyggingu. Í staðlinum segir eftirfarandi.

B-flokkur. Road ambulance designed and equipped for the transport, basic treatment and monitoring of patients. (Sjúkrabifreið hönnuð og útbúin fyrir sjúkraflutninga, grunn meðferð og eftirliti með sjúklingum.)

C-flokkur. Road ambulance designed and equipped for the transport, advanced treatment and monitoring of patients. (Sjúkrabifreið hönnuð og útbúin fyrir sjúkraflutninga, sérhæfða meðferð og eftirliti með sjúklingum.)

Sjúkraflutningamenn á Íslandi vinna eftir vinnuferlum og hafa menntun til að sinna ákveðinni sérhæfðri meðferð. Það er því eðlileg krafa að sjúkrabifreiðarnar sem þeir starfa á séu samkvæmt evrópustaðli, það er í C-flokki með kassayfirbyggingu. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fékk notaða slíka bifreið á fyrri hluta ársins 2020, sem hluta af ráðstöfunum vegna COVID-19. Reynslan af þeirri bifreið hefur undirstrikað þörfina á slíkum bifreiðum, svo bæta megi þjónustuna og vinnuaðstöðuna.

Í október 2018 skilaði ráðgjafahópur sem starfaði að beiðni heilbrigðisráðherra um endurnýjun sjúkrabifreiða, minnisblaði til ráðherra og í því kom meðal annars eftirfarandi fram.

„Hópurinn leggur áherslu á að í þessari endurnýjun verði teknar inn svokallaðar sjúkrabifreiðar með kassa, til að auka gæði þjónustunnar, en slík umræða hefur verið við ráðuneytið og áður Rauða krossinn um nokkurt skeið.“

Á 18. þingi landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna var samþykkt ályktun, dagsett 24.09.20. Í henni kemur meðal annars fram:

„LSS telur nauðsynlegt að sjúkrabifreiðar með kassayfirbyggingu (e. C-type ambulance) verði teknar inn sem hluti af íslenska sjúkrabifreiðaflotanum“ „Sjúkrabifreiðar með kassayfirbyggingu eru rúmbetri og heimila skilvirkari vinnu og aðgengi fleira fagfólks við inngrip í tilfellum á borð við endurlífgun, bráð veikindi og alvarleg slys. Í þeim er meira pláss fyrir búnað þmt. til gjörgæsluflutninga og aukinn öryggisbúnað. Sjúkrabifreiðar af þessari gerð bæta að auki vinnuaðstöðu sjúkraflutningamanna og bráðatækna til muna mtt. almennrar vinnuvistfræði.“

Í forgangsröðun fagraðs sjúkraflutninga sem unnin var fyrir ráðuneyti heilbrigðismála og var send ráðuneytinu 27. janúar 2021 var lagt til;

„Stærri sjúkrabifreiðar. Lagt er til að 10 sjúkrabílar með kassayfirbyggingu í C-klasse skv. IST EN-1789 verði teknir inn í þjónustuna hér á landi í næsta útboði. Með þessari breytingu má bæta vinnuaðstöðu sjúkraflutningamanna, auka getu til að meðhöndla alvarlega veika og slasaða sjúklinga, auka öryggi sjúkraflutningamanna og sjúklinga á meðan á flutningi stendur og minnka líkur á álagsmeiðslum.“

Forgangsröðun fagraðsins ætti að sjálfsgöðu að skila sér inn í aðgerðaáætlun ráðuneytisins og með því leitast við að tryggja sem besta þjónustu, vinnuaðstöðu og þar með meðferð sjúklinga.

Á næstu blaðsíðu eru nokkrar myndir af sjúkrabifreiðum C-flokki, með kassayfirbyggingu til skýringar.

Birgir Finnsson. Varaslökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og fulltrúi rekstraraðila í fagraði sjúkraflutninga. Starfaði áður sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður hjá Slökkviliði Ísafjarðar og varaslökkviliðsstjóri hjá Slökkviliði Akureyri.

